

Reykjavík, 3. desember 2018

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð og Velferðarráð

Sendandi: Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundamála hjá SFS og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts

Efni: Rekstur félagsmiðstöðvar að Hraunbæ 105

Í mars 2016 var í ofangreindum ráðum samþykktur samningur til eins árs um rekstur félagsmiðstöðvarinnar að Hraunbæ 105 sem áður var rekin af Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Frá þeim tíma hefur frístundamiðstöðin Ársel séð um reksturinn og var samningurinn endurnýjaður 1. febrúar 2017 og gildistími til 30. júní 2018.

Eins og kveðið er á um í samningnum hefur verkefnisstjórn fundað reglulega um málefni starfseminnar. Í verkefnisstjórn eru; umsjónarmaður Hraunbæjar 105, framkvæmdastjóri Ársels, framkvæmdastjóri ÞÁG, skrifstofustjóri frístundamála hjá SFS og fulltrúi notendaráðs úr félagsstarfinu í Hraunbæ 105. Ræddar hafa verið ýmsar leiðir til nýjunga í starfinu, hvað leiðir skulu farnar til að hafa áhrif á jákvætt viðhorf til starfsins og koma á aukinni sjálfbærni. Tvær viðhorfskannanir hafa verið lagðar fyrir notendur félagsstarfsins í Hraunbæ 105 árið 2016 og vorönn 2018. Helstu niðurstöður frá vori 2018 eru að helmingur svarenda segist vera mjög ánægður með félagsstarfið, og þriðjungur segist vera frekar ánægður með starfið. Enginn er óánægður með starfið. Þetta er nokkru betri niðurstaða en árið 2016.

Eitt af markmiðum í starfseminni er að efla frumkvæði notenda en í viðhorfskönnun má sjá að takmarkaður áhugi er hjá notendum að koma að skipulagi félagsstarfsins en jákvæðni gagnvart því er þó meiri núna en hún var árið 2016. Almennt voru þátttakendur ánægðir með félagsstarfið og vona að það eflist, þeim líður vel í því, segja andann góðan og að í starfinu felist mikilvægur félagsskapur. Þá er stjórnendum hrósað fyrir frumkvæði og að taka vel á móti eldri borgurum. Sjá nánar um niðurstöður viðhorfskönnunar í fylgiskjali.

Framkvæmdastjóri Ársels og umsjónarmaður starfsins hafa fundað reglulega á samningstímanum um félagsstarfið. Eftir samtöl við umsjónarmann starfsins og umræður í verkefnisstjórninni þá er það niðurstaða allra aðila sem að málinu koma að leggja til að rekstur félagsmiðstöðvarinnar Hraunbæjar 105 fari aftur undir rekstur þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar ÞÁG hélt fund með stórum hópi notenda þar sem kynntar voru hugmyndir um að færa félagsstarfið aftur undir þjónustumiðstöðina og á þeim fundi komu ekki athugasemdir við breytinguna. Það er mat verkefnisstjórnarinnar að mikilvægt hafi verið að gera tilraun til að reka saman undir einum hatti félagsstarf fyrir allan aldur en eftir tæplega þrjú ár þá er það niðurstaðan að þau samlegðaráhrif sem lagt var upp með varðandi samrekstur frístundamiðstöðvarinnar Ársels og Hraunbæjar 105 hafa ekki verið þær viðbætur við starfið sem vonast var eftir. Félagsstarfið í Hraunbæ 105 mun áfram byggja þeim góðu tengslum sem skapast hafa og um leið auka allt samstarf við aðila innan hverfanna sem bjóða upp á félagsstarf fyrir eldri borgara. Eldri borgarar eru fyrst og fremst þeir sem koma í félagsstarfið og í hádegismat.

Það er niðurstaða frístundamiðstöðvarinnar Ársels að það þurfi að auka við mönnun í félagsstarfinu Hraunbæ 105 þannig að hægt verði að þróa starfið áfram með sjálfbærni að leiðarljósi.

Meðfylgjandi eru gögn um málefnið:

Samningur frá 2016– Félagsstarf Hraunbæ 105

Samningur frá 2017- Félagsstarf Hraunbæ 105

Viðhorfskönnun meðal notenda frá 2016 og 2018